

Reglur er varða niðurgreiðslu á þáttökugjaldi vegna íþróttá- og tómstundaiðkunar íbúa á aldrinum 67 ára og eldri.

Hafnarfjarðarbær niðurgreiðir íþróttá- og tómstundaiðkun íbúa sem verða 67 ára á árinu og þaðan af eldri.

Markmiðið með niðurgreiðslunum er að gera eldri íbúum í Hafnarfirði kleift að taka þátt í íþróttá- og tómstundastarfi óháð efnahag og að efla almennt heilbrigði og hreysti þessa aldurshóps.

Niðurgreiðsla er kr. 4000.- fyrir hvern iðkenda á mánuði eða allt að kr. 48.000 í heildargreiðslu á árinu.

Iðkendur verða að eiga lögheimili í bæjarfélaginu en sækja skal um niðurgreiðsluna í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar sem staðsett er að Strandgötu 6.

Til að fá niðurgreiðsluna þarf að framvísa frumriti af greiðslukvittun þáttökugjalds fyrir viðkomandi iðkanda. Á reikningi eða greiðslukvittun skal eftirfarandi koma fram;

- Fullt nafn og kennitala iðkanda
- Heiti íþróttá-eða tómstundafélags
- Upphafs- og lokadagsetning námskeiðs sem greitt er fyrir
- Heildarkostnaður námskeið
- Stimpill/og eða undirritun starfsmanns

Niðurgreiðslan er greidd inn á reikning iðkandans innan tveggja mánaða frá samþykkt.

Greiðslukvittanir þarf að berast eigi síðar en tveimur mánuðum eftir hverja önn. Með önn er átt við vorönn (1. janúar – 31. maí) sumarönn (1. júní – 31. ágúst) og haustönn (frá 1. sept. – 31. des.). Berist greiðslukvittun ekki innan þessa tíma fellur greiðslan niður. Árgjald/félagsgjald er þó borgað í einu lagi gegn framvísun greiðslukvittunar, sem þarf að berast fyrir árslok þess árs sem gjaldið nær yfir. Berist greiðslukvittun ekki innan þess tíma fellur greiðslan niður.

Til þess að fá styrk vegna niðurgreiðslu þáttökugjalda þarf;

- Iðkandi að eiga lögheimili í Hafnarfirði
- Verða 67 ára á árinu eða eldri.
- Stunda íþróttá/tómstundastarf sem stuðli að betri heilsu og hreysti.
- Geta framvísað frumriti af greiðslukvittunum þáttökugjalds iðkanda á tilskildum tíma þar sem upphafs- og lokadagsetning kemur fram.

Samþykkt í Fjölskylduráði Hafnarfjarðar 15. febrúar 2019.